

Framtalsnefnd úrskurðar kæru skattþegns innan 4 vikna, eftir að henni barst kærán 27 í hendur, nema hún telji sig þurfa lengri frest til rannsóknar. 1. apríl

Skattþegn getur skotið úrskurði framtalsnefndar til fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

28

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip. 1. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggja skal hjá Samábyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingarkjörin séu eigi lakari en hjá öðrum tryggingarfélögum, að dómi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Á eftir orðunum „ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna“ í lok 3 mgr. 12. gr. laganna komi: og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

29

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. 1. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir styrk, $\frac{2}{3}$ af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins

29 og nýbýlastjórn telja samböndunum þörf á til byggingarstarfsemi þeirra. Styrkur 1. apríl veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

30

1. apríl

F J Á R L Ö G

fyrir árið 1948.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1948 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	40 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur	6000000	
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga	3000000	
	<u>3 000 000</u>	43 000 000
3. Vörumagnstollur	18 000 000	
4. Verðtollur	60 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	4 000 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	3 000 000	
		85 000 000
7. Söluskattur		19 000 000
8. Fasteignaskattur	600 000	
9. Lestagjald af skipum	120 000	
10. Bifreiðaskattur	3 300 000	
		4 020 000
11. Aukatekjur	1 600 000	
12. Stimpilgjald	4 000 000	
13. Vitagjald	800 000	
14. Leyfisbréflagjald	150 000	
15. Erfðafjárskattur	300 000	
16. Veitingaskattur	1 000 000	
		7 850 000
Samtals	158 870 000